



DÓMSTÓLL ÍSÍ

Dómur 22. apríl 2026

Mál nr. 3/2026

Skautafélag Akureyrar

gegn

Skautafélagi Reykjavíkur (aðalfélagi) og

Skautafélagi Reykjavíkur (íshökkídeild)

Dómur

Málið var kært til skrifstofu ÍSÍ þann 25. mars 2026 af Sigurði Sveini Sigurðssyni formanni Skautafélags Reykjavíkur. Kærðu eru Skautafélag Reykjavíkur (aðalfélag) og Skautafélag Reykjavíkur (íshökkídeild). Kærðu skiluðu greinargerð til dómstólsins ásamt fylgiskjölum þann 31. mars 2026. Kæranda var gefinn kostur á að leggja fram viðbótarathugasemdir sem bárust dóminum 1. apríl 2026. Í framhaldi lögðu kærðu fram athugasemdir sínar 2. apríl 2026. Að ósk allra aðila var beðið með að kunngjöra dóminn vegna landsliðsverkefna en leikmenn beggja liða mynda stóran hluta landsliðs Íslands.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að mörk Skautafélags Reykjavíkur í leik þess við Skautafélag Akureyrar þriðjudaginn 24. mars 2026 verði þurrkuð út, að félagið tapi leiknum 5–0 og að félagið verði dæmt til fjársektar, sbr. 1. og 2. mgr. 1. gr. og 2. gr. reglugerðar Íshökkísambands Íslands (ÍHÍ) nr. 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna.

Málsatvik:

Ágreiningur í máli þessu snýst um lögmæti þátttöku Friðriku Rögnu Magnúsdóttur (hér eftir FRM), leikmanns Skautafélags Reykjavíkur (SR), í úrslitaleik Íslandsmóts í íshokki kvenna þann 24. mars 2026. FRM stundaði nám í Kanada haustið 2025 og spilaði með íshökkíliði skólans, ASCIS Stallions PREP U19. Kærandi, Skautafélag Akureyrar (SA), heldur því fram að FRM hafi verið ólöglegur leikmaður sökum þess að hún hafi tekið þátt í „deildarkeppni“ í tveimur löndum á sama tímabili án þess að hafa skráð sig til ÍHÍ fyrir 1. febrúar og leikið ekkert erlendis eftir þann tíma, sbr. 10. gr. d-lið reglugerðar ÍHÍ nr. 9 um félagaskipti. Kærði, SR, mótmælir þessu og heldur því fram að FRM hafi ekki tekið þátt í formlegri deildarkeppni í





Kanada heldur eingöngu sýningarleikjum og því eigi ákvæði 10. gr. d-liðar reglugerðar nr. 9 ekki við.

Lagarök og forsendur:

Álitamálið í þessu máli snýst um túlkun á hugtakinu „deildarkeppni“ og beitingu 10. gr. d-liðar reglugerðar ÍHÍ nr. 9 um félagaskipti.

Aðild að máli

Í kæru eru Skautafélag Reykjavíkur (aðalfélagið, kt. 590260-2049) og Skautafélag Reykjavíkur, íshökkídeild, kt. 561092-2309 tilgreind sem kærðu í málinu.

Byggði kærði Skautafélag Reykjavíkur (aðalfélagið) á þeirri röksemd að félagið hefði ekki aðild að dómsmálum og krafðist frávísunar málsins á grundvelli aðildarskorts. Benti Skautafélag Reykjavíkur (aðalfélagið) á að réttur aðili málsins væri íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur (kt. 561092-2309) og væri því til svara.

Í lögum Skautafélags Reykjavíkur kemur fram að aðalstjórn félagsins fari með yfirstjórn og sé í forsvari gagnvart yfirstjórnnum íþróttasambanda, en aðalstjórn fari ekki með fyrirsvar sjálfstætt starfandi deilda í dómsmálum sem höfðuð eru á hendur þeim.

Á framkvæmdastjórnarfundum ÍSÍ þann 20. nóvember 2025 hafnaði framkvæmdastjórn breytingum sem gerðar voru á lögum Skautafélags Reykjavíkur. Breytingarnar fælu í sér að félagið uppfyllti ekki skilyrði ÍSÍ til þáttöku innan íþróttahreyfingarinnar. Hefur félaginu verið gefinn frestur til aðalfundar félagsins í sumar til þess að gera nauðsynlegar breytingar. Þar sem Skautafélag Reykjavíkur hefur fengið þann frest er litið þannig á að aðild félagsins og deildarinnar að málinu sé óumdeild.

Bæði aðalfélagið og íshökkídeildin eru tilgreind sem hinir kærðu í kæru og er í greinargerð kæruefni svarað fyrir hönd beggja aðila. Í greinargerðinni er gerð krafa um frávísun málsins gagnvart aðalfélaginu vegna aðildarskorts og þess krafist að íshökkídeildin ein sé réttur aðili. Almennt í dómsmálum getur misræmi í auðkenningu aðila leitt til frávísunar máls ef um er að ræða grundvallargalla sem ekki verður bætt úr eða ef réttur aðili hefur ekki fengið tækifæri til að gæta hagsmuna sinna.

Í þessu máli er ljóst að:

- *Náin tengsl:* Íshökkídeildin er deild undir hatti Skautafélags Reykjavíkur.
- *Enginn vafi um efni máls:* Kæran snýst ótvírætt um þáttöku leikmanns íshökkídeildarinnar.





- *Gætt hagsmuna:* Íshökkídeildin, í gegnum formann sinn og lögfræðing Friðjón B. Gunnarsson, hefur verið upplýst um kærana og hefur tekið virkan þátt í málsmeðferðinni frá upphafi. Hún hefur lagt fram greinargerð og varist málinu efnislega. Þetta tryggir að hagsmunum deildarinnar hefur verið gætt og hún hefur fengið fullt tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Í dómi áfrýjunardómstóls ÍSí í máli 1/2025 var fjallað um aðild Skautafélags Reykjavíkur (aðalfélags) og félaginu játuð aðild að því máli. Vísast til þess dóms um efni hans en tekið undir að játa verði aðalfélagi rúma aðild að málum þegar mál varðar einstaka deildir félagsins.

Í íþróttadómstólum, líkt og öðrum sérhæfðum úrskurðaraðilum, er oft litið til efnis fremur en forms komi gallar upp, sérstaklega ef enginn raunverulegur miskilningur hefur átt sér stað eða hagsmunir aðila hafa skaðast. Íshökkídeild SR hefur komið fram og haldið uppi vörnum. Með vísan til stöðu íshökkídeildarinnar og ábendingum sem fram hafa komið í bréfi ÍBR til Skautafélags Reykjavíkur (aðalfélags) lítur dómstóll ÍSí þannig á að íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur sé réttur aðili að málinu. Íshökkídeild SR hefur haldið uppi vörnum og staða þess að engu leyti vafa bundin þó aðalfélag SR hafi og haft stöðu í málinu.

Kæran í þessu máli snýr að starfsemi íshökkídeildarinnar, nánar tiltekið þátttöku leikmanns íshökkídeildarinnar í leikjum á vegum deildarinnar, er það íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur sem er réttur aðili að málinu. Kröfu SA um viðurlög vegna meintrar notkunar ólöglegs leikmanns beinist beint að starfsemi íshökkídeildarinnar og því er hún réttur kærði í málinu.

Niðurstaða um aðild

Með vísan til 4. gr., 9. gr., 12. gr. og 13. gr. laga Skautafélags Reykjavíkur, og 4. gr. og 8. gr. laga Skautafélags Reykjavíkur, íshökkídeildar, er það niðurstaða að Skautafélag Reykjavíkur, íshökkídeild, sé réttur aðili að málinu og beri fyrirvar fyrir sig. Kröfu kærða, Skautafélags Reykjavíkur (aðalfélagsins), um frávísun málsins er því hafnað og málið tekið til efnismeðferðar.

Túlkun á hugtakinu „deildarkeppni“ og beiting 10. gr. d-liðar reglugerðar ÍHÍ nr. 9

10. gr. d-lið reglugerðar ÍHÍ nr. 9 kveður á um að leikmenn, án félagaskipta, geti ekki tekið þátt í „deildarkeppnum í tveimur löndum á sama tímabili“ nema að þeir skrái sig fyrir 1. febrúar til ÍHÍ og leiki ekkert erlendis eftir þann tíma.

Kærandi túlkar hugtakið „deildarkeppni“ vítt og telur að umfang og skipulag leikja FRM með ASCIS Stallions PREP U19 liðinu í Kanada, þar sem leikjafjöldi er mikill og lið raðast eftir árangri í styrkleikatöflu, falli undir þessa skilgreiningu. Kærandi vísar til þess að ÍHÍ hafi





heimild til að setja takmarkandi reglur til að tryggja sanngirni og vernda sérstöðu íþróttarinnar, sérstaklega í fámennri íshökkíhreyfingu á Íslandi.

Kærði mótmælir þessari túlkun og vísar til þess að ASCIS Stallions PREP U19 liðið spili ekki í formlegri „deildarkeppni“ sem sé undir regluverki IIHF eða Hockey Canada. Kærði leggur fram yfirlýsingar frá Robb Serviss, íþróttastjóra skólans, og Anthony Miele, framkvæmdastjóra NAPHL, sem staðfesta að liðið sé óháð, spili eingöngu sýningarleiki og sé ekki hluti af formlegri deildarkeppni eða NAPHL. Kærði bendir á að reglugerðir ÍHÍ skuli túlkaðar samkvæmt bókstaflegri merkingu þeirra, sbr. tölvupóst frá Viðari Garðarssyni, framkvæmdastjóra ÍHÍ, þar sem fram kemur að reglugerðir hafi jafnan verið túlkaðar „samkvæmt orðanna hljóðan“ (sjá Nr.10_Tölvupóstur frá Viðari Garðarssyni til stjórna SR og SA.pdf).

Í IIHF International Transfer Regulations, sem tóku gildi 6. október 2025, er „Hockey Competition“ skilgreint sem „an organized hockey activity that leads to a champion being named“ (sjá 1. gr. f-lið IIHF International Transfer Regulations [1](#)). Þessi skilgreining styður málsvörn kærða, þar sem sýnt hefur verið fram á að lið FRM spilar ekki í keppnisumhverfi þar sem meistari er krýndur.

Gögn málsins, einkum yfirlýsingar frá kanadíska skólanum og NAPHL, styðja þá niðurstöðu að þátttaka FRM í Kanada hafi ekki verið í formlegri „deildarkeppni“ í þeim skilningi sem 10. gr. d-liður reglugerðar ÍHÍ nr. 9 kveður á um. Þar sem ekki er um formlega deildarkeppni að ræða á ákvæðið um takmarkanir á leikmönnum án félagaskipta ekki við.

Beiting Móta- og keppendareglna ÍSÍ

Þar sem ákvæði 10. gr. d-liðar reglugerðar ÍHÍ nr. 9 eiga ekki við, skal horfa til 11. gr. sömu reglugerðar sem kveður á um að félagaskipti og hlutgengi í mótum á vegum ÍHÍ fari að öðru leyti eftir Móta- og keppendareglum ÍSÍ.

8. gr. b-lið Móta- og keppendareglna ÍSÍ kveður á um að íþróttamaður sem dvelst um tíma erlendis við nám eða vinnu og æfir og keppir með íþróttafélagi í því landi sem hann dvelst í, missi eigi af þeim ástæðum nein réttindi til keppni í heimafélagi sínu innan ÍSÍ. Þetta ákvæði styður beinlínis málsvörn kærða og staðfestir rétt FRM til að spila með SR.

Dómaframkvæmd og meginreglur íþróttaréttar

Dómaframkvæmd Hæstaréttar, einkum í dómi nr. 457/2002, hefur lagt áherslu á að takmarkanir á keppnisrétti íþróttamanna verði að byggja á málefnalegum og rökstuddum forsendum. Ef FRM hefði verið meinað að keppa án skýrrar lagastoðar um brot á reglum, myndi það teljast ómálefnaleg takmörkun á keppnisrétti hennar.





Niðurstaða

Að teknu tilliti til allra framlagðra sönnunargagna og röksemda er það niðurstaða dómsins að FRM hafi ekki tekið þátt í „deildarkeppni“ í Kanada í skilningi 10. gr. d-liðar reglugerðar ÍHÍ nr. 9. Því eiga ákvæði reglugerðar nr. 9, sem kærandi byggir kröfur sínar á, ekki við um málið. Þar sem reglur ÍHÍ nr. 9 eiga ekki við, skulu Móta- og keppendareglur ÍSÍ gilda, en þar er beinlínis kveðið á um rétt íþróttamanna sem stunda nám erlendis til að keppa fyrir heimafélag sitt.

FRM er og var leikmaður SR þegar hún dvaldi í skóla. Væri álitamál um lögmæti hennar til þátttöku þá væri það fremur réttur þeirra liða, sem FRM keppti á móti erlendis, að leggja fram formlega kæru vegna þátttöku hennar.

Þáttaka FRM í leiknum þann 24. mars 2026 var því lögmæt og kærði, íshökkídeild Skautafélags Reykjavíkur, hefur ekki teft fram ólöglegum leikmanni.

Jafnframt er það niðurstaða dómsins með vísan til alls þessa að hafna beri kröfum kæranda um að mörk kærða í leik þess við kæranda þriðjudaginn 24. mars 2026 verði þurrkuð út og að kærða tapi leiknum 5–0 og verði dæmt í fjársekir.

Úrskurðarorð:

Kröfu kærða, Skautafélags Reykjavíkur (aðalfélagsins), um frávísun málsins, er hafnað.

Kærði, Skautafélag Reykjavíkur (íshökkídeild) er sýknað af kröfu Skautafélags Akureyrar.

Reykjavík, 21. apríl 2026.

[Stefán Karl Kristjánsson]

Um málskotsheimild

Aðilum er bent á að frestur til áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að aðilum var kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en fjórum vikum eftir að dómur var kveðinn upp, sbr. grein 35.3. í lögum ÍSÍ.



